Bjartsýnisflokkurinn

Bjartsýnisflokkurinn

flokkur hófsamra þjóðernissinna

Fréttatilkynning til fjölmiðla

Júní 2012

Ábyrg stefna í málefnum innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda

Bjartsýnisflokkurinn, flokkur hófsamra þjóðernissinna, er eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur ábyrga stefnu í málefnum innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda. Sjá drög að neðan og einnig í drögum að stefnuskrá: http://www.internet.is/einargb/bjartsyni.pdf

1. Við viljum segja upp misheppnuðu Schengen samkomulaginu sem hefur beðið algjört skipbrot um alla Evrópu.

2. Við viljum eins stranga innflytjendalöggjöf og við komust upp með og horfum þar meðal annars til Danmerkur, en betur má ef duga skal.

3. Við viljum helst ekki taka við neinum flóttamönnum sem hér banka á dyr, en samþykkjum hámark sem verður fimm á ári. Það verða að vera raunverulegir flóttamenn sem eru að flýja ofsóknir, en ekki flóttamenn bágra lífskjara.

4. Við viljum ekki taka við neinum kvótaflóttamönnum yfirhöfuð. Peningarnir sem sparast verði notaðir til að hjálpa fólki í flóttamannabúðum. Það má hugsa sér að stuðningsfulltrúi fari og hjálpi tilteknum hópi af fólki í flóttamannabúðum, til dæmis með fjárframlögum. Hjálpum fólki á staðnum, en flytjum það ekki til Íslands!

5. Við viljum að þeir hælisleitendur sem hér sækja um hæli og koma frá öðru Evrópulandi verði umsvifalaust sendir þangað aftur. „Member states are entitled, under the EU rules, to send asylum seekers to the country where they first entered the Union". Yfirvöldum ber samkvæmt þessu skylda til að senda þá til þess Evrópulands sem þeir komu frá til Íslands og hafa engar heimildir til að hafa þá hér á kostnað íslenskra skattborgara.

6. Við viljum að þeim hælisleitendum sem ekki er hægt að sannreyna hverjir séu verði haldið í gæsluvarðhaldi til að tryggja öryggi borgara þessa lands.

7. Við viljum að allri efnismeðferð hælisleitenda verði hraðað sem kostur er og á efnismeðferð að taka mest nokkrar vikur.

8. Við viljum að hælisleitendur búi við skert ferðafrelsi á meðan mál þeirri er í efnismeðferð og það sé öryggisgæsla á svæðinu sem þeir dvelja á. Hættan er sú að ef þeim er ljóst að umsókn þeirra verður hafnað, eða að henni er hafnað, að þeir flýi og gerist ólöglegir innflytjendur hér á landi. Það er óforsvaranlegt að hælisleitendur hafi algjört ferðafrelsi og geti eftirlitslaust farið allra sinna ferða um landið.

Einnig er hættan sú að þeir grípi til örþrifaráða sem getur valdið hættu fyrir almenna borgara eða það fólk sem vinnur með flóttamenn og hælisleitendur. Samkvæmt heimildum þá sýnir nokkur hluti hælisleitenda augljós merki um ofbeldishneigð og á vistheimili fyrir flóttamenn (Fit Hostel) eru oft alvarleg átök á milli ólíkra hópa, þjóða og þjóðarbrota. Þar er eldfimt ástand og jafnvel hnífar á lofti. Þar eru einnig átök á milli súnní og sjíta múslíma. Þetta er sæluríki fjölmenningarinnar í hnotskurn.

Það er líka sú hætta fyrir hendi að hælisleitendur flýi á náðir samtaka hér á landi sem berjast fyrir afnámi landamæra og hafa það á stefnuskrá sinni að hver sem vill geti fengið landvistarleyfi á Íslandi. Viðkomandi flóttamanni yrði svo haldið í felum hérlendis af viðkomandi samtökum. Nú þegar er einum hælisleitanda haldið í felum hér af viðkomandi samtökum.

9. Við viljum að þeim hælisleitendum sem sýna augljósa ofbeldishneigð og aðra andfélagslega hegðun verði samstundis vísað úr landi og verði haldið í gæsluvarðhaldi til brottfarardags.

10. Við viljum að þeim hælisleitendum sem áreita, hóta eða ofsækja það fólk sem á einhvern hátt kemur að málefnum þeirra, verði samstundis vísað úr landi og verði haldið í gæsluvarðhaldi til brottfarardags.

11. Við viljum að þeim hælisleitendum sem eru á sakaskrá í öðru ríki fyrir ofbeldisglæpi verði samstundis vísað úr landi og verði haldið í gæsluvarðhaldi til brottfarardags.

12. Við viljum að þeir hælisleitendur sem er veitt landvistarleyfi fari samstundis í vinnu, starfsþjálfun eða nám sem er ígildi eðlilegrar vinnuviku, en verði ekki látnir labba um göturnar á bótum.

13. Við viljum þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna. Meirihluti þjóðarinnar verður að standa að baki stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki. Ísland er okkar land og þetta er okkar þjóðfélag. Þetta er þjóðfélagið sem forfeður okkar og við höfum byggt upp með svita og tárum. Þjóðin vill hafa einhvern hönd í bagga með hverjir setjast hér að. Þetta er krafa dagsins í dag.

Það eru hið minnsta hundruð milljóna manna í fátæku löndunum sem vilja gjarnan flytja til Íslands og annarra vestrænna landa. Þetta fólk vill oft flýja stríð og ófrið, en oftast eru þó ástæðurnar örbirgð, fátækt, kúgun, spilling og félagslegt óréttlæti. Þetta er sorglegt ástand, en við viljum alls ekki taka við þessu fólki til Íslands.

Það er talið að um 2 milljarðar manna í fátæku löndunum lifi við mjög mikla fátækt. Þetta fólk er ekki á okkar ábyrgð. Við getum ekki boðið því íslenskt vegabréf. Bara 1% af þessum fjölda gera 20 milljónir manna sem er 60-föld íbúatala Íslands.

Það er til fólk í áhrifastöðum í þjóðfélaginu sem vinnur að því leynt og ljóst að fylla landið af flóttamönnum bágra lífskjara og reyndar virðist sá innflutningur þegar vera hafinn þó hljótt fari. Þetta sýnir blaðagrein frá því í vetur í Fréttablaðinu þar sem höfundurinn lét að því liggja að rétt væri að hefja stórfelldan innflutning á flóttamönnum því hér á Íslandi sé nægjanlegt landrými, vatn og fæða.

Það eru því sterk öfl innan stjórnsýslunnar sem vilja fylla landið af flóttamönnum bágra lífskjara. Ef þessar fyrirætlanir ná fram að ganga mun íslensk þjóð og íslensk menning, eins og við þekkjum hana, heyra sögunni til þegar á næstu öld. Þessar fyrirætlanir eru litaðar af einfeldni, meðvirkni og dómgreindarskorti.

Einar Gunnar Birgisson

formaður Bjartsýnisflokksins, flokks hófsamra þjóðernissinna

http://www.internet.is/einargb/bjartsyni.pdf